

Rökkurdagar

18. október – 5. nóvember



9.okt. -3. nóv.

Leikskólinn Sólvellir heldur listasýningu á listaverkum barnanna. Listaverkin prýða glugga leikskólans.



Laugardagur - 18. október

Pungarokksveisla í Samkomuhúsinu.

Hljómsveitirnar Duft, Patronian og Bergmenn spila. Húsið opnar kl. **19:00**. Miðasala á midix.is.

Sunnudagur 19. október

Heimildarmyndin Fyrir allra augum sýnd í Bæringsstofu kl. **15:00**. Dagbjört Andrésdóttir fæðist með heilatengda sjónskerðingu en vissi ekki af því fyrr en hún var 26 ára gömul, og hefur þá farið í gegnum alla sína ævi blind án þess að vita af því. Elín Sigurðardóttir, Grundfirðingur fer með henni í ferðalag til að átta sig á því af hverju Dagbjörtu er meinað að útskrifast sem óperusöngkona vegna þess að hún getur ekki lesið nótur

Þriðjudagur 21. október

Rökkursundstund í sundlaug Grundarfjarðar frá kl. **20:00-22:00**. Í samvinnu við svæðisgarð Snæfellsness er blásið til notalegrar samveru í sundlauginni. Kósý tónlist, drykkir í boði, íspinni ofaní, notaleg lýsing og þú!

Miðvikudagur 22. október

Bleikur dagur: Hvetjum fólk til að skarta einhverju bleiku til stuðnings Bleika dagsins.

Fimmtudagur 23. október

Ljósaganga Vonar kl. **17:00**. Gengið verður frá vigtarskúrnum að styttni Sýn. Notaleg stund í safnaðarheimilinu í kirkjunni að göngu lokinni. Munum eftir ljósunum.



Föstudagur 24. október

Stuttmyndasýning frá Outpost 31 Studios. Systkinin Einar, Indriði og Sólveig Bjarnabörn bjóða öllum að koma í Bæringsstofu kl. **20:00** þar sem þau munu sýna stuttmyndir með hryllings ívafi sem þau hafa verið að gera.



Sunnudagurinn 26. október

Heimildarmyndin *Eyja* í leikstjórn Bjarneyjar Lúðvíksdóttur í Bæringsstofum kl: **17:00**. Þegar faðir heimildamyndagerðarkonunnar Bjarneyjar Lúðvíksdóttur fær þær fréttir að hann eigi aðeins stuttan tíma eftir lífað, gefur hann dóttur sinni leyfi til að taka upp síðasta verkefnið sem hann þráði að ljúka — og síðustu dýrmætu augnablikin hans í þessari jarðvist. Bjarney ákvað að flétta þessa vegferð saman við sögurnar sem pabbi hennar hafði af alúð skrásett í gegnum árin og varðveitt um bernskuár móður hans á Hornströndum.

ATH - Takmarkaður sætafjöldi og mikilvægt að skrá sig í hlekk sem er í viðburði á Facebook



Mánudagur 27. október

Í tilefni af 50 ára afmæli Tónlistarskóla Grundarfjarðar verður opið hús frá **16:00-18:00**. Bæjarbúum er boðið að skoða nýtt og endurbætt húsnæði skólans. Tónlistaratriði og léttar veitingar í boði.



Þriðjudagur 28. október

Hringleikur - Glæný tveggja manna sirkussýning sem heitir *Shjówmenn* og fjallar um tvo trúða að takast á við lífið á sjó í gegnum sirkuslistir. Nánari tímasetning auglýst síðar.

Fimmtudagurinn 30. október

Þrjónahittingur með aðstoð kl. **20:00** - Grunnskóli, efri inngangur. Hefur þig alltaf langað til að læra að þrjóna? Hér er tækifærið!

Föstudagur 31. október

Hrekkjavökugleði Grundarfjarðar - Hrekkjavökunefnd bíður í draugaskóginn kl: **18:00-19:00** þar sem ýmsa ógnvekjandi vætti er að finna. Komdu og vertu með....ef þú þorir!

Grikk eða gott þar sem að börn ganga í hús sem hafa skráð þátttöku kl: **18:00-20:00**

Laugardagur 1. nóvember



Barnaútgáfusmiðja, hvernig verður barnabók til? Marta Magnúsdóttir sýnir börnum ferlið við að skrifa barnabók frá A til Ö. Bókasafn Grundarfjarðar kl. **16:00**

Mánudagur 3. nóvember

Perlufjör á bókasafni Grundarfjarðar frá **17:00-18:00**. Hittumst og eigum notalega stund á bókasafninu.

Þriðjudagur 4. nóvember

Unglingastig grunnskóla Grundarfjarðar verður með Rökkurkviss í Samkomuhúsinu. Telur þú þig vera snjallari en nágranninn? Þá er þetta tíminn til að sanna það! Nánari tímasetning auglýst þegar nær dregur.